




SJÁLFSMATSSKÝRSLA AKURSKÓLA

2018-2019



Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Innra mat í Akurskóla	3
2.1	Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?	3
2.2	Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?	3
2.3	Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?	4
2.4	Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?	4
2.5	Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?	4
2.6	Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?	4
3	Um skólann	5
3.1	Skólastefna Akurskóla	5
4	Viðfangsefni mats 2018-2019	7
5	Helstu niðurstöður sjálfsmats	9
5.1	Skólanámskrá	9
5.2	Skólapúlsinn - Nemendakönnun	9
5.3	Skólapúlsinn – Foreldrakönnun	11
5.4	Skólapúlsinn – Starfsmannakönnun	13
5.5	Samræmd próf	16
5.5.1	4. bekkur	16
5.5.2	7. bekkur	17
5.5.3	9. bekkur	17
5.6	Niðurstöður eineltisteymis	19
5.7	Samtöl	19
5.7.1	Starfsmannasamtöl	20
5.7.2	Kennslurýni og samtöl	20
5.8	Lestrarskimanir	20
5.8.1	Logos-læsissskimun í 3. bekk	20
5.8.2	Logos-læsissskimun í 6. bekk	21
5.8.3	Logos-læsissskimun í 9. bekk	22
5.8.4	Orðarún	23
5.8.5	Lesfimi	25
5.9	Stærðfræðiskimanir	26
5.9.1	Talnalykill í 3. bekk við Tjarnarbraut	26
5.9.2	Talnalykill í 3. bekk við Dalsbraut	27
5.9.3	Talnalykill í 6. bekk	27
5.10	Framkvæmdamat	29
6	Mat á umbótaþáttum	31
6.1	Námsárangur	31
6.2	Innleiðing aga/uppeldisstefnu - Uppbyggingastefnan	31
6.3	Frístundarskólinn, verkferlar og skipulag	31
7	Lokaorð	32

1 INNGANGUR

Skipulag innra mats í Akurskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og að Akurskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Menntastefna Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til þriggja ára í senn og leggja fyrir starfsmannafund og skólaráð. Áætlun fyrir 2018-2021 var sett fram haustið 2018, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á starfsmannafundi. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, skólaráði, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

2 INNRA MAT Í AKURSKÓLA

Sjálfsmatshringurinn hér fyrir neðan lýsir vel sjálfsmatsaðferðum Akurskóla en vorið 2017 var farið í gagngera breytingu á sjálfsmati skólans í kjölfarið á ytra mati á skólanum haustið 2016. Í ytra matinu kom fram að bæta mætti nokkra þætti innra matsins og var strax unnið í því að styrkja þennan þátt enn frekar í skólastarfinu.



2.1 Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Við lok skólaárs eiga öll gögn að vera fyrirbyggjandi og ritun sjálfsmatsskýrslu getur farið fram. Hún er birt á heimasíðu skólans í júní ár hvert. Sjálfsmatsskýrslan er send fræðslustjóra sem kynnir hana fyrir Fræðsluráði og einnig er hún kynnt starfsmönnum sem lesa yfir sjálfsmatsskýrsluna í júní og koma með athugasemdir. Skólastjóri er ábyrgur í samstarfi við aðra stjórnendur skólans fyrir ritun sjálfsmatsskýrslunnar og kynningu á henni.

2.2 Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?

Fjöldi kannana, skimana og prófa eru lögð fyrir á hverju ári og greina fjölmargar hliðar skólastarfsins. Niðurstöður prófa og skimana gefa vísbendingar um námslega stöðu nemenda. Niðurstöður kannana gefa vísbendingar um viðhorf til skólans og líðan nemenda. Þessar niðurstöður eru greindar jafn óðum og þær berast og eru lykiltríði í niðurstöðum þeirra settar í sjálfsmatsskýrsluna. Á grunni þessa niðurstaðna eru ákvarðanir um umbætur teknar. Greining á niðurstöðum einstaka kannana er á ábyrgð þeirra starfsmanna sem sinna þeim þætti

skólastarfsins sem könnunin tekur til. Yfirlit yfir þær kannanir sem og skimanir sem notaðar eru við innra matið má sjá í töflu í kafla 4.

2.3 Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?

Skólinn setur sér viðmið um árangur. Viðmiðin eru sett með hliðsjón af stefnu skólans, aðstæðum og almennum samanburði á námsárangri. Árangursviðmiðin eru í raun skuldbinding um þann árangur sem stefnt er að ná. Árangursviðmiðin eru birt í sjálfsmatsskýrslu skólans.

2.4 Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?

Í kjölfar útgáfu sjálfsmatsskýrslu er brugðist við niðurstöðum hennar og aðgerðir ræddar. Nauðsynlegum umbótum forgangsraðað og umbótaáætlun rituð. Umbótaáætluninni er skilað til fræðslustjóra fyrir 15. október. Skólastjóri ber ábyrgð á ritun hennar.

2.5 Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?

Næsta skref er að framkvæma umbótaáætlunina. Hver umbótaþáttur hefur ábyrgðaraðila sem fylgist með framvindu mála.

2.6 Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?

Lokaþáttur sjálfsmatshringsins er nákvæm, reglubundin eftirfylgni. Eftirfylgni er nauðsynleg til að tryggja að starfsfólk uppfylli ábyrgðaskyldu sína gagnvart þeim umbótaþáttum sem eru á þeirra könnu og geri það sem starfsfólk skólans hafði sammælt um að yrði gert. Hluti af eftirfylgninni er að leggja mat á þann árangur sem af aðgerðum hefur hlotist og gera grein fyrir því mati í sjálfsmatsskýrslu.

3 UM SKÓLANN

Akurskóli hóf starfsemi haustið 2005. Skólinn var formlega vígður 9. nóvember 2005.

Akurskóli er staðsettur í Innri-Njarðvík en nafn skólans er dregið af Akurskóla sem var byggður árið 1891, skólahald stóð þar fram til ársins 1906.

Skólastjórar skólaárið 2018-19 voru Sigurbjörg Róbertsdóttir og Gróa Axelsdóttir. Aðstoðarskólastjóri var Þormóður Logi Björnsson. Deildarstjórar voru Bryndís Garðarsdóttir og Katrín Jóna Ólafsdóttir. Verkefnastjóri stoðþjónustu var Helga Eiríksdóttir, verkefnastjóri tölvumála var Freyr Brynjarsson og verkefnastjóri íslensku sem annað mál var Hrefna Tómasar.

3.1 Skólastefna Akurskóla

Einkunnarorð Akurskóla

„Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús”

Í Akurskóla er leitast við að móta skólastarf, framtíðarsýn og markmið í samvinnu allra sem í skólanum starfa, foreldra og nemenda. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að gefa nemendum tækifæri til frekara náms og skapa bestu skilyrði til þess. Lögð er áhersla á að höfða til áhugasviðs nemenda, að efla gagnrýna hugsun og að byggja nám á styrkleikum hvers og eins. Virðing nemenda fyrir sjálfum sér og umhverfinu er höfð að leiðarljósi.

Ytra skipulag

Kennarar vinna saman í teymum í kennslustundum og við skipulagningu- og undirbúning kennslunnar. Hver árgangur á sína umsjónarkennara. Mikil áhersla er lögð á samvinnu allra nemenda og mismunandi hópaskiptingar í árgöngum. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og samvinnu nemenda. Umhverfi Akurskóla býður upp á mjög áhugaverða rannsóknarvinnu. Mikil náttúrufegurð er í næsta nágrenni skólans og einnig eru þar mannvirki sem eiga sér sögu. Í Akurskóla er lögð áhersla á að nýta þennan auð í grenndarkennslu og einnig viljum við tengjast atvinnulífinu í næsta umhverfi til náms.


Þátttaka nemenda

Við mótun skólastarfsins viljum við að raddir nemenda heyrast. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði skólans og lýðræðisfundir nemenda eru haldnir reglulega. Ábyrgð nemenda á eigin markmiðum og námsframvindu er mikilvæg. Í Akurskóla læra nemendur að setja sér markmið með náminu og meta eigin námsframvindu og annarra.

Þátttaka foreldra

Í Akurskóla höfum við sett okkur það markmið að nýta krafta og þekkingu foreldra til að efla skólastarfið. Meginmarkmið foreldrastarfs er að byggja upp jákvætt samstarf heimilis og skóla og bæta líðan nemenda. Svo það megi verða eiga foreldrar fulltrúa í skólaráði, boðið er upp á námskeið og óskað er eftir þátttöku foreldra í bekkjarstarfi.

Skólastarf Akurskóla hvílir á Fræjunum sem unnin voru af starfsmönnum skólans í samvinnu við foreldrasamfélagið.



Læsi í sinni víðustu merkingu er yfir og allt um kring í skólastarfinu.

4 VIÐFANGSEFNI MATS 2018-2019

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið										
					Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað			
Skólanámskrá	Endurskoðun skólanámskrár Akurskóla, aðlöguð að nýrri aðalnámskrá.	Stjórnendur og kennarar.	Allt skólaárið.	Allir starfsmenn, foreldrar og skólaráð.	x	x	x								
Skólalámskrá	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólalámskrá. Deildarstjóri leggur fyrir.	Fjórar mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x			x				
	Foreldrakönnun um gæði skólans, samskipti við skólann virkni í skólastarfi og námið heima fyrir.	Skólalámskrá. Sent í tölvupósti á foreldra.	Mars. Lagt fyrir skólaárin 2018-19 og 2020-21	Úrtak foreldra – forráðamanna allra nemenda.		x					x	x	x		
	Starfsmannakönnun um stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda o.fl.	Skólalámskrá. Sent í tölvupósti á starfsmenn.	Apríl. Lagt fyrir skólaárin 2018-19 og 2020-21	Allir starfsmenn.	x	x	x			x	x	x			
Samræmd próf	Námsleg staða í íslensku, stærðfræði í 4., 7., og 9.b og ensku í 9. b.	Samræmd próf Menntamálastofnun	September og mars	Nemendur í 4., 7., 9. b.		x		x							
Teymi	Niðurstöður eineltisteymis.	Eineltisteymið	Skýrslugerð að vori.	Kennarar.	x	x	x								
Lestrarskimanir	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Janúar.	3. bekkur.		x		x							
	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Október.	6. bekkur.		x		x							
	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Apríl/maí.	8. bekkur.		x		x							
	Orðarún – lesskilningur.	Umsjónarkennarar	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur 3. – 8. b.		x		x							
	Lesferill/lesfimi. Skimunarpróf Menntamálastofnunar	Kennarar 1.-10. bekkja í samráði við verkefnastjóra stoðþjónustu.		Þrisvar á ári.	Nemendur í 1. - 10. bekk.		x		x						

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið										
					Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað			
Stærðfræðiskimanir	Hóppróf Talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Nóvember.	3. bekkur.		x		x							
	Hóppróf Talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Október.	6. bekkur.		x		x							
Stafsetning	Stafsetning (GRP14) lögð fyrir 8. bekinga	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við íslenskukennara.	Apríl/maí.	8. bekkur.		x		x							
Samtöl	Mat á fyrirkomulagi samtalsdaga.	Skólastjórnendur.	Þrisvar á ári.	Umsjónarkennara r.		x		x							x
	Starfsmannasamtöl.	Stjórnendur	Feb. - mars.	Allir starfsmenn.	x			x	x	x					
	Vinnumat og samtöl í kjölfarið	Stjórnendur	Jan. – feb.	Kennarar											
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdarmat er gert eftir hvern viðburð.	Skólastjórnendur, allt skólaárið	Allt skólaárið.	Starfsmenn skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x			x	x	x	x	x	x	x	X
Mat á umbótaþáttum	Skólaárið 2017-18 voru settir fram fjórir megin umbótaþættir. Mat á þeim fer fram reglulega allt skólaárið.	Starfsmenn skólans.	A.m.k. tvisvar á ári.	Allir starfsmenn skólans.	x	x	x		x	x					

5 HELSTU NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS

5.1 Skólanámskrá

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár sem tók gildi 2011 og í henni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum.

Akurskóli birtir skólanámskrá sína í tvennu lagi eins og lög gera ráð fyrir. Fyrri hlutinn er almennur hluti þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á.

Seinni hlutinn er starfsáætlun. Meðfylgjandi því riti eru bekkjarnámskrár allra árganga sem finna má á heimasíðu skólans. Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum viðburðum í skólastarfi og kennsluáætlunum.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans www.akurskoli.is. Einnig er hægt að fá afrit af henni á skrifstofu skólans.

Allir kennarar skólans endurskoða bekkjarnámskrár að vori og aftur að hausti og eru þær birtar í október á heimasíðu skólans.

Haustið 2016 fóru allir starfsmenn skólans í vinnuferð á starfsdögum í ágúst. Starfsmönnum var skipt í hópa og allir hópar endurskoðuðu bæði starfsáætlun fyrir 2016-2017 og almenna hluta skólanámskrárinnar. Skólastjórnendur tóku svo athugasemdir saman og almennur hluti var gefin út í september 2016 sem gildir til 2019. Starfsáætlun var svo endurskoðuð aftur haustið 2018. Kennurum skólans var skipt upp í hópa og tók hver hópur hluta af starfsáætlun og las yfir og kom með athugasemdir.

Starfsáætlun 2018-2019 var send fulltrúum í skólaráði til yfirlestrar og var síðan samþykkt á fyrsta fundi skólaráðs að hausti. Fræðsluráð samþykkti svo starfsáætlun Akurskóla.

Akurskóli fékk nokkrar athugasemdir við skólanámskrá í ytra mati á skólanum frá Menntamálastofnun. Þær athugasemdir voru skoðaðar haustið 2017 og 2018 og skólanámskrá var uppfærð til samræmis við þær athugasemdir skólaárið 2018-2019. Hún verður gefin út í haust.

5.2 Skólapúlsinn - Nemendakönnun

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar kannanir Skólapúlsins teknar en hitt árið er það eingöngu nemendakönnunin. Í ár var lögð fyrir nemendakönnun.

Í könnuninni var athyglinni beint að þeim þáttum þar sem marktækur munur var á niðurstöðum Akurskóla miðað við landið.

Viðmið Akurskóla er að vera við landsmeðaltal í öllum þáttum í öllum þremur könnunum. Þeir þættir þar sem við erum marktækt undir eru skoðaðir sérstaklega.

Nemendur í 6. – 10. bekk koma í fimm hópum í september, nóvember, janúar, mars og maí til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 149 nemendur af 241 svöruðu nemendakönnuninni í ár.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Helstu niðurstöður

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,9	148	-0,2	4,7	16.236	0,2
1.2. Þrautseigja í námi	4,7	149	-0,2	4,9	16.206	-0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,2	149	-0,1	5,0	16.431	0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,5	149	-0,1	4,8	16.414	0,7*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,7	149	-0,2	4,9	16.208	-0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,5	149	-0,1	4,8	16.417	-0,3

Í þessum þætti er ánægjulegt að sjá að áhugi og ánægja nemenda í náttúrufræði er meiri hjá nemendum Akurskóla en öðrum nemendum á landinu. Þetta er fjórða árið í röð þar sem nemendur Akurskóla eru marktækt yfir í ánægju í þessari grein.

Trú á eigin námsgetu mælist annað árið í röð undir landsmeðaltali en þó ekki marktækt.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,5	149	-0,1	4,7	16.179	-0,2
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,3	149	-0,4	4,7	16.147	-0,4*
2.3. Vellíðan	4,4	149	-0,6	4,8	16.350	-0,4*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	50	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,8	149	0,5	5,3	16.327	0,5*
2.6. Tíðni eineltis	18,2%	27 _{/148}	7,5%	12,2%	2081 _{/16274}	6,0%*
2.7. Staðir eineltis	-	28	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	44,8%	65 _{/145}	-	44,7%	7153 _{/15949}	0,1%
2.9. Hollt mataræði	4,7	149	0,0	4,8	16.073	-0,1

Stjórn á eigin lífi og vellíðan mælist marktækt undir landsmeðaltali og einelti yfir landsmeðaltali en eineltið mælist mest á vorönn.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,5	148	-0,3	4,9	16.055	-0,4*
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	149	-0,2	5,0	16.259	0,1
3.3. Agi í tímum	4,8	148	-0,2	4,9	16.248	-0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	149	-0,2	5,1	16.218	0,1
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,7	136	-	4,7	14.813	0,0

Samsömun við nemendahópinn mælist marktækt undir landsmeðaltali, aðrir þættir eru að mælast á pari við aðra skóla.

5.3 Skólapúlsinn – Foreldrakönnun

Foreldrakönnunin mælir 40 þætti í fimm flokkum og fer fram annað hvert ár. Flokkarnir eru: nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur. Könnunin var framkvæmd í febrúar og er fyrir foreldra nemenda á öllum aldurstigum grunnskólans. Dregið er 120 foreldra líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Fjöldi svarenda var 109 og svarhlutfall því 90,8%

Mælingar eru ýmist birtar sem tugabrot eða prósentutala. Ef niðurstaða í ákveðnum þætti er eingöngu byggð á einum þætti þá er um prósentutölu að ræða. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Ef mælingin skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan nafn þáttarins með bláum stöfum +/- X,X.

1. Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,8	109	5,2	4.477	-0,4*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	85,8%	91 _{/106}	90,6%	3989 _{/4378}	-4,8%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	82,2%	88 _{/107}	82,1%	3710 _{/4452}	0,1%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	73,4%	80 _{/109}	78,2%	3439 _{/4406}	-4,8%

Eins og sjá má eru foreldrar ekki nógu ánægðir með nám og kennslu og stjórnun skólans en þessir þættir mælast marktækt undir landsmeðaltali. Ef við skoðum undirlíði þá sjáum við að ánægja foreldra með nám og kennslu er mest á unglíngastigi en minnst á miðstigi og foreldrar drengja eru óánægðari en foreldrar stúlkna. Hvað stjórnun varðar þá eru það foreldrar stúlkna og foreldrar á yngra stigi sem eru óánægðastir.

2. Velferð nemenda

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,4	106	4,8	4.361	-0,4*
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	81,7%	85 _{/104}	87,5%	3812 _{/4328}	-5,8%*
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	86,1%	93 _{/108}	91,3%	4113 _{/4488}	-5,2%*
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	86,9%	93 _{/107}	91,0%	4087 _{/4481}	-4,1%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	86,1%	93 _{/108}	89,7%	4025 _{/4490}	-3,6%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	12,3%	13 _{/106}	9,3%	437 _{/4407}	3,0%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	40,9%	9 _{/22}	58,6%	433 _{/755}	-17,7%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	42,9%	9 _{/21}	56,8%	414 _{/746}	-13,9%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	76,1%	67 _{/88}	82,8%	3122 _{/3767}	-6,7%*
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,6	23	1,4	763	0,2
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	22	-	-	-

Þegar kemur að velferð nemenda eru foreldrar marktækt ekki nógu ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur og hversu vel skólinn mætir nemendum. Foreldrar telja líðan nemanda í skólanum vera lakari en á landsvísi og ánægja með eineltisáætlun er ekki næg.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,0	106	5,4	4.405	-0,4*
3.2. Ánægja foreldra með tómstundþjónustu	4,8	50	5,0	2.637	-0,2
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundþjónustu/frístundaheimili	46,8%	51 _{/109}	60,3%	2740 _{/4464}	-13,5%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundþjónustu	-	52	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	85,4%	82 _{/96}	80,1%	3208 _{/3971}	5,3%
3.6. Notkun á mötuneyti	90,7%	97 _{/107}	89,0%	4015 _{/4439}	1,7%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	20,0%	2 _{/10}	4,2%	23 _{/415}	15,8%

Ánægja með aðstöðu í skólanum er marktækt lakari en landsmeðaltal og hlutfall nemenda í tómstundarþjónustu er minni en gerist og gengur.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,5	105	5,0	4.386	-0,5*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	57,1%	56 _{/98}	57,6%	2556 _{/4222}	-0,5%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	55,8%	53 _{/95}	60,7%	2534 _{/4028}	-4,9%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	70	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	73	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtali	95,2%	100 _{/105}	94,5%	4151 _{/4387}	0,7%
4.7. Málafni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	106	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	57,4%	58 _{/101}	54,4%	2282 _{/4224}	3,0%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	85,3%	81 _{/95}	84,8%	3396 _{/4055}	0,5%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	78,3%	83 _{/106}	80,0%	3483 _{/4380}	-1,7%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	73,4%	80 _{/109}	72,8%	3283 _{/4463}	0,6%

Hvað foreldrasamstarf varðar er það aðeins frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi sem mælist marktækt undir landsmeðaltali.

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,1	105	5,0	4.334	0,1
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,7	104	4,7	4.311	0,0
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,3	103	4,4	4.266	-0,1
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	70,9%	73 _{/103}	74,4%	3185 _{/4263}	-3,5%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	55,8%	58 _{/104}	53,1%	2306 _{/4277}	2,7%
5.6. Væntingar foreldra um háskólanám	67,7%	67 _{/99}	78,0%	2988 _{/4002}	-10,3%
5.7. Væntingar foreldra um iðnnám	13,1%	13 _{/99}	10,4%	491 _{/4002}	2,7%

Hér mælist engin marktækur munur en athyglisvert er að sjá hversu fáir foreldrar hafa væntingar um háskólanám barna sinna.

5.4 Skólapúlsinn – Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fer fram í mars og mælir 42 þætti í 6 flokkum. Spurt er um viðhorf starfsfólks til skólans og skólastarfsins og fá kennarar að auki spurningar sem snúa að kennarastarfinu. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins skilar inn í febrúar. Niðurstöðurnar eru svo birtar á vefsvæði þátttökuskólanna í apríl. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðundandi svarhlutfalli. Skólarnir eru ólíkir að gerð og staðsetningu og í þeim er stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu. Öryggismörk í marktæktarprófum eru 95%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%.

Fjöldi þátttakenda í Akurskóla voru 91 starfsmenn. 81 starfsmenn svöruðu könnuninni eða 89%.

1. Allir starfsmenn - Almennt

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	91,2%	73/80	74,8%	956/1258	16,5%*
1.2. Gagnsemi starfsmannaviðtals	85,3%	58/68	87,3%	790/887	-2,0%
1.3. Tíðni áreitni meðal starfsfólks	26,2%	21/80	17,1%	214/1267	9,2%*
1.4. Tíðni eineltis meðal starfsfólks	15,0%	12/80	9,7%	120/1267	5,3%

Tveir þættir mælast marktækt yfir landsmeðaltali. Fleiri starfsmenn hafa fengið starfsmannaviðtal og tíðni áreitni er hærri en í öðrum skólum. Við erum undir landsmeðaltali hvað varðar áreitni frá samstarfsfólki en um 10% yfir landsmeðaltali þegar spurt er um áreiti frá nemendum eða foreldrum.

2. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Starfsánægja í skólanum	5,3	81	5,2	1.279	0,1
2.2. Starfsandi innan skólans	5,1	78	5,0	1.263	0,1
2.3. Stjórnun skólans	5,2	79	5,0	1.252	0,2
2.4. Upplýsingastreymi innan skólans	4,5	79	4,6	1.267	-0,1
2.5. Starfsumhverfi í skólanum	5,0	79	5,0	1.263	0,0

Hér mælist enginn marktækur munur miðað við aðra skóla.

3. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja með kennarastarfið	5,6	49	5,0	772	0,6*
3.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,0	49	4,7	775	0,3
3.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,4	46	5,0	725	0,4
3.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	47,5 mín	42	39,2 mín	681	8,3 mín
3.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	62,0%	31/50	73,5%	582/795	-11,5%*
3.6. Öllum bekknum kennt í einu	45,8%	22/48	45,5%	348/775	0,3%
3.7. Hópavinna í bekk	26,5%	13/49	31,7%	241/761	-5,2%
3.8. Einstaklingsvinna í bekk	31,2%	15/48	35,1%	270/778	-3,8%
3.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	59,2%	29/49	54,4%	424/780	4,8%
3.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	28,0%	14/50	16,2%	122/748	11,8%*
3.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	83,7%	41/49	78,7%	599/764	5,0%
3.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	3	-	-	-

Ánægja kennara í Akurskóla með kennarastarfið er marktækt meiri en annarra kennara á landinu. Kennarar í Akurskóla undirbúa sig minna í skólanum en í öðrum skólum og áherslan á námsmat með prófum er meiri.

4. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,9	46	5,1	730	-0,2
4.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	4,7	48	5,3	726	-0,6
4.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,2	48	5,0	760	0,2
4.4. Samráð um kennslu	5,4	47	5,0	743	0,4
4.5. Samvinna um kennslu	5,1	46	5,1	729	0,0
4.6. Valddreifing við ákvarðanatöku	5,4	47	4,9	697	0,5*
4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	4,7	48	4,7	736	0,0
4.8. Vinnuaðstæður kennara	5,5	48	5,1	751	0,4*

Valddreifing er meiri en í öðrum skólum og vinnuaðstaða kennara er einnig marktækt betri en í öðrum skólum.

5. Kennarar - Mat og endurgjöf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Umfang mats og endurgjafar	93,5%	43 _{/46}	66,6%	490 _{/727}	26,9%*
5.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara	70,8%	34 _{/48}	53,1%	387 _{/713}	17,7%*
5.3. Sanngirmi mats og endurgjafar	97,8%	44 _{/45}	94,0%	499 _{/529}	3,8%
5.4. Gagnsemi mats og endurgjafar	84,1%	37 _{/44}	88,8%	439 _{/493}	-4,7%
5.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats	5,1	39	4,3	491	0,8*

Skólastjórnendur fara í heimsóknir til allra kennara á hverju ári. Umfang mats og endurgjafar er því mjög hátt í skólanum og kennarar telja einnig að nýting á niðurstöðum kennaramats sé gott.

6. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
6.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	64,6%	31 _{/48}	43,7%	318 _{/726}	20,9%*
6.2. Símenntunarþörf kennara	5,7	49	5,4	750	0,3
6.3. Símenntunarþörf kennara (annað)	-	1	-	-	-
6.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	53,1%	26 _{/49}	54,7%	402 _{/742}	-1,6%
6.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-
6.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	49	-	-	-


Kennarar í Akurskóla sækja sér að meðaltali meiri endurmenntun en aðrir kennarar á landinu.

5.5 Samræmd próf

Í september þreyta nemendur í 4. og 7.bekk samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Í mars fóru nemendur í 9.bekk í samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Samræmd próf eru tekin á sama tíma á öllu landinu og eru ein leið af mörgum til að afla upplýsinga um stöðu nemenda og einnig stöðu skólans. Það er Menntamálastofnun sem vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöðurnar og hver staða skólans er í samanburði við aðra skóla á landinu. Stjórnendur og kennarar rýna síðan í þessar niðurstöður.


Viðmið Akurskóla eru að vera á landsmeðaltali eða yfir í öllum prófum í öllum árgöngum. Landsviðmið eru sett fram í fremstu súlunni og er miðaða við að 25% nemenda nái raðeinkunn 76-99, 50% nái 25-75 og 25% nemenda fái raðeinkunn frá 1-24.

5.5.1 4. bekkur




Nemendum Akurskóla í 4. bekk gekk sæmilega í samræmdum prófum þetta árið. Miðað er við að 25% nemenda nái raðeinkunn á milli 76 og 99 en hlutfall nemenda Akurskóla sem náðu því var 9,3% í íslensku og 13,6% í stærðfræði og er talsvert hærra hlutfall nemenda með raðeinkunn 1-24 en landsviðmiðið er.

5.5.2 7. bekkur




Árangur nemenda í 7. bekk var mjög góður í ár. 22,7% nemenda náði raðeinkunn 76-99 í íslensku og 23,3% í stærðfræði. Hlutfall þeirra sem fengu raðeinkunn 1 - 24 var ívíg herra en landsmeðaltal í íslensku og verður hugað að því.


5.5.3 9. bekkur




Hér hefur orðið ánægjuleg þróun frá árinu á undan. Sex nemendur fengu A í íslensku í ár og tveir B+. Þá fengu átta nemendur B. Fjöldi nemenda með C í Akurskóla var talsvert hærri en landsmeðaltalið. Hlutfall þeirra sem náðu raðeinkunn 76-99 í íslensku er 23,7% sem er mjög nálægt viðmiðum.



Árangurinn í stærðfræði var nokkuð góður. Fjöldi nemenda sem fékk A voru tveir, þrír fengu B+ og sex fengu B. Hlutfall þeirra sem voru með raðeinkunn 76-99 var 16,2% sem er nokkuð frá 25% viðmiðunum.



Niðurstöður í ensku í 9. bekk voru einnig ásættanlegar. Fjórir nemendur fengu A, fimm fengu B+ og níu nemendur B. Hlutfall þeirra sem fékk raðeinkunn 76-99 var 23,1% sem er nálægt viðmiðunum.



Hlutfall þeirra sem fá raðeinkunn 76 - 99 er ívið lægra í stærðfræði en íslensku og ensku og hlutfall þeirra sem fá raðeinkunn 1 - 24 í Akurskóla er talsvert hærra en landsviðmiðið.

5.6 Niðurstöður eineltisteymis

Eineltisteymi er starfrækt við Akurskóla og í því sitja Sigrún Helga náms- og starfsráðgjafi, Arna þroskaþjálfari, Eyrún þroskaþjálfari og Helga verkefnastjóri stoðþjónustu.

Alls fjögur mál bárust eineltisteyminu á skólaárinu 2018-2019. Eitt á yngsta stigi og hefur því máli verið lokað. Tvö á miðstigi og hefur öðru þeirra verið lokað. Eitt eineltismál kom upp á unglingastigi og er það enn opið. Vel gekk að vinna þau mál sem upp komu í eineltisteyminu. Ástæða þess að tvö mál af fjórum eru enn opin er vegna þess að eineltisteymi vill taka stöðuna á málunum eftir sumarfrí. Ef enn gengur vel þá mun þeim verða lokað næsta haust.

5.7 Samtöl

Hér er gerð grein fyrir foreldrasamtölum og starfsmannasamtölum.

5.5.1 Foreldrasamtöl

Í Akurskóla koma foreldrar þrisvar á ári í samtal við kennara. Í september hitta nemendur og foreldrar kennara þar sem nemendur setja sér námsmarkmið og farið er yfir helstu áherslur námsársins. Mæting foreldra var almennt góð í foreldrasamtöl. Tímabantanir í gegnum Mentor gengu vel og voru kennarar mjög sáttir við að foreldrar sæju sjálfir um að panta tíma.

Nemendur fengu afhentan vitnisburð sinn í janúar. Í kjölfarið voru foreldrasamtöl. Kennarar ræddu niðurstöður námsmats á þessum degi, hvernig hefði gengið og hvert framhaldið væri. Einnig var farið yfir skimanir sem höfðu borist á haustönn og foreldrar fengu æfingarpakka með sér heim fyrir börnin ef þurfa þótti. Almennt mjög góð mæting og ánægja með daginn.

Í lok maí var síðasta foreldrasamtal ársins. Þar var farið yfir hvernig veturinn hefði gengið og línurnar lagðar fyrir næsta skólaár.

5.7.1 Starfsmannasamtöl

Allir starfsmenn skólans fóru í starfsmannasamtöl til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Starfsmönnum var skipt á stjórnendur en gátu beðið um að skipta ef þeir höfðu áhuga á því. Starfsmenn fylltu út rafrænt eyðublað með ákveðnum spurningum áður en þeir mættu til viðtals. Svör starfsmanna voru notuð sem grunnur í viðtölunum. Viðtölin gengu vel og skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar unnu úr þeim saman.

Í ár var spurningarlistinn öðruvísi en undanfarin ár. Starfsmenn voru beðnir að fara í ákveðna sjálfsskoðun og meta eigin frammistöðu. 81 starfsmenn svöruðu könnuninni rafrænt. Allir voru sammála um að styrkleikar þeirra nýttust í starfi og 76 af 81 voru sáttir við eigin frammistöðu. Þeir sem voru ekki sáttir nefndu í opnum svörum að þeir væru að gera sitt besta en gætu gert betur og að þá skorti reynslu. 64 svöruðu að þeim gengi nokkuð eða mjög vel í að koma til móts við nemendur, 13 sögðu það ganga sæmilega og einn mjög illa.

74 fannst samskipti þeirra á vinnustað ganga mjög eða nokkuð vel og 7 fannst þeim ganga sæmilega. Engum fannst þau ganga illa. Þegar spurt var út í samstarfið í teyllum voru 63 sammála um að það gengi vel, 13 fannst það ganga sæmilega og þrjú nokkuð illa. Þeir sem voru ekki nógu ánægðir með samstarfið kvörtuðu helst undan því að þá skorti tíma til samstarfs. 61 töldu líðan sína í vetur hafa verið nokkuð eða mjög góða og 15 töldu hana vera sæmilega. 5 starfsmenn sögðu líðan sína hafa verið nokkuð eða mjög slæma. Í viðtölum var þetta rætt og voru það utanaðkomandi þættir sem réðu því að líðan var ekki nógu góð.

Að lokum voru starfsmenn spurðir út í stuðning í starfi. 72 starfsmenn bera sig eftir stuðningi þurfi þeir hann en 9 gera það ekki. Af þessum 9 fannst um helming erfitt að biðja um aðstoð eða fannst eins og þeir væru að ónáða. Einhverjir töldu sig ekki þurfa stuðning og 2 nefndu að það væru ekki úrræði eða aðstoð að fá.

5.7.2 Kennslurýni og samtöl

Fimmta árið í röð fóru skólastjórnendur inn til allra kennara og sátu a.m.k. eina kennslustund hjá hverjum. Stjórnendur voru með punkta á blaði sem kennarar höfðu fengið að sjá áður og mátu þessa þætti hjá kennaranum. Hver kennari fékk svo samtalið við stjórnanda um hvað var vel gert og hvað mætti betur fara. Mikil ánægja var meðal kennara með matið og sögðust allir hafa haft ánægju af því að fá skólastjórnendur inn og fá samtalið.


5.8 Lestrarskimanir

5.8.1 Logos-læsissskimun í 3. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda sé yfir 30 í leshraða og lesskilningi.

Í Logos-læsissskimunum er bæði mældur leshraði og lesskilningur. Niðurstöður fyrir 3. bekk eru eftirfarandi:

Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
	27	9	17	53
	50,94%	16,98%	32,08%	100,00%
Lesskilningur	23	12	18	53
	43,40%	22,64%	33,96%	100,00%



Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stöðþjónustu og skólastjórum á fundi. Leshraði hafði staðið í stað á milli ára en lesskilningur lækkaði talsvert.

Niðurstöðurnar voru notaðar til þess að skipta nemendum í fjóra hópa.

- Hópur 1: nemendur sem eru yfir viðmiðum í báðum þáttum.
- Hópur 2: nemendur sem eru yfir viðmiðum í leshraða en eru í meðaltalshóp eða undir viðmiðum í lesskilningi.
- Hópur 3: nemendur sem eru í meðaltalshóp eða undir viðmiðum í leshraða en yfir viðmiðum í lesskilningi.
- Hópur 4: nemendur sem voru í meðaltalshóp í öðrum hvorum flokknum en undir viðmiðum í hinum flokknum. Flestir nemendur í hóp 4 eru þó langt undir viðmiðum í báðum flokkum.


Í kjölfar niðurstaðnanna var ákveðið að skipta nemendahópnum í þrjá hópa einu sinni í viku í tvo tíma í senn. Þessir hópar fá verkefni sem eiga að stuðla að þjálfun í þeim þáttum sem komu illa út í LOGOS, efla og styrkja sterka nemendur og styrkja grunn þeirra sem slakir eru. Með þjálfuninni er reynt að ná sem flestum nemendum í hóp 1.

5.8.2 Logos-læsisskimun í 6. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda sé yfir 30 í leshraða og lesskilningi.

Í Logos-læsisskimunum er bæði mældur leshraði og lesskilningur. Niðurstöður fyrir 6. bekk eru eftirfarandi:

Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
	20	9	23	52
	38,5%	17,3%	44,2%	100,0%
Lesskilningur	30	12	10	52
	57,7%	23,1%	19,2%	100,0%



Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra sérkennslu og skólastjórum á fundi. Leshraði og lesskilningur er lægri nú en í fyrra.


Foreldrar fengu upplýsingar um stöðu nemenda á samtalsdegi í janúar. Einnig sendi verkefnastjóri stoðþjónustu bréf til foreldra um leiðir til að þjálfa leshraða því margir höfðu lækkað sig í leshraða. Nokkrum nemendum var vísað í lesgreiningu í kjölfarið vegna mikilla erfiðleika í leshraða.

Í kjölfar skimunar var bekknum skipt í fjóra leshópa sem sérkennari hélt utan um. Þar var þjálfaður leshraði og lesskilningur. Einnig var nemendum skipt í þrjá getuskipta hópa sem umsjónarkennarar sáu um. Þar var unnið sértaklega með lesskilning. Einhverjir nemendur fengu vinnubækur með lestrarbókunum til að vinna heima. Þar að auki var unnið markvisst með yndislestur og leshraði þjálfaður m.a. með fimmunni. Samlestur var í hverri viku, einnig paralestur og lögð var enn meiri áhersla á að sem flestir læsu á hverjum degi fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa. Í endurmati í mars mældust framfarir en ákveðið var að halda þjálfun áfram. Flestir nemendur bættu árangur eða stóðu í stað.

5.8.3 Logos-læsissskimun í 9. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda sé yfir 30 í leshraða og lesskilningi. 8. bekkur er skimaður á hverju vori og niðurstöður kynntar að hausti, í 9. bekk.

Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
	31	0	14	45
	77,5%	0,0%	22,5%	100%
Lesskilningur	26	5	9	45
	65,0%	12,5%	22,5%	100%



Yfir 70% nemenda ná yfir 70% viðmið í lesskilningi og leshraða í 9. bekk.

Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólastjórum á fundi. Leshraði hefur aukist á milli ára en lesskilningur fer örlítið niður þetta árið.

Niðurstöður voru sendar á foreldra og hvatt til aukins heimalesturs. Í kjölfarið var átak í leshraðabjálfun og lesskilningsbjálfun þar sem nemendum var skipt í fjóra hópa. Nemendur voru látnir lesa texta 5x og tíminn tekinn í hvert sinn. Foreldrar voru hvattir til að láta börnin lesa daglega heima. Aukin áhersla var á yndislestur í skólanum og bjálfun lesskilnings.

5.8.4 Orðarún


Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:

- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd


Prófin eru lögð fyrir í eftirfarandi mánuðum:

3. bekkur: lagt fyrir í október og febrúar.
4. bekkur: lagt fyrir í október og mars.
5. bekkur: lagt fyrir í október og febrúar
6. bekkur: lagt fyrir í nóvember og febrúar
- 7.-8. bekkur: lagt fyrir í október og febrúar.

Umsjónarkennarar lögðu prófin fyrir og fóru yfir þau. Verkefnastjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.



Á myndinni má sjá meðaltal hvers árgangs í hvoru prófi fyrir sig. Akurskóli miðar við að meðaltal árgangs sé 65% og eru nokkrir árgangar alveg við að ná því viðmiði að vori.



Stöðlun prófsins stýrir árangursviðmiðinu og miðar Akurskóli við að 65% nemenda nái 11-20 stigum á hverju prófi sem er meðalgóður árangur og góður árangur.

Að vori er aðeins einn árgangur að ná þessu viðmiði.

Í kjölfarið á fyrirlögn prófanna mátu kennarar niðurstöður og fylgdu þeim eftir með þjálfun og í bekk og endurmati.

5.8.5 Lesfimi

Lesferill - lesfimi var lagt fyrir í 1.-10. bekk.

- 1. bekkur: Lesskimunarpróf í september
- 1.-10. bekkur: lesfimi í september, janúar og maí.
- 1.-10. bekkur: Sjónrænn orðaforði, orðleysur og nefnuhraði í september, janúar og maí eftir þörfum.

Lesviðmiðin samanstanda af þremur flokkum:

- Viðmið 1 sem 90% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 2 sem 50% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 3 sem 25% nemenda eiga að uppfylla


Kennarar lögðu prófin fyrir og fengu stöðuna á hverjum nemenda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísi í Skólagátt og unnu út frá henni. Verkefnastjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.

Niðurstöður lesskimunarprófs í 1. bekk og lesfimiþróa voru færðar í Mentor og einnig kynntar á samtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Niðurstöðum lesskimunarprófs var einnig skilað inn til Fræðsluskrifstofu til úrvinnslu.

Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var brugðist við námsþörfum nemenda. Nemendur með slaka stafa- og hljóðþekkingu fengu sérkennslu í lestri strax um haustið fram á vor. Markvisst samstarf var við foreldra þessara barna. Foreldrar fengu tölvupóst um hvaða stafur var lagður inn og þeir fengu þjálfunarefni heim með stafnum. Foreldrar fengu einnig stöðuna á framvindu reglulega. Nemendur með erfiðleika í öðrum bekkjum fengu þjálfun hjá sérkennara eða stoðkennara. Nemendur lásu fyrir kennara og/eða stuðningsfulltrúa daglega. Þeir nemendur í 2. til 6. bekk sem voru nálægt 1. þrepi fengu Eitt skref í einu – Lesfimiþjálfun.


Eins og sjá má á þessum tveimur myndum sem sýna fyrirlögn í september og maí sýna nemendur í Akurskóla framfarir.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum
Akurskóli, sept. 2018



Fyrsta súlan sýnir viðmið MMS fyrir alla árganga. Í september eru nemendur Akurskóla nokkuð frá þessu viðmiði.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum Akurskóli, maí 2019



Í maí ná fleiri árgangar að nálgast viðmið MMS. Enn eru nokkrir árgangar með of hátt hlutfall nemenda undir viðmiði 1 og verður að skoða 1., 5., 6. og 8. bekk sérstaklega á næsta skólaári.


5.9 Stærðfræðiskimanir

Fulltrúar frá Fræðsluskrifstofu lögðu skimunarpróf Talnalykils fyrir í 3. bekk í nóvember og fyrir nemendur í 6. bekk í október.

5.9.1 Talnalykill í 3. bekk við Tjarnarbraut

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda ná yfir 70 rétt.

Talnalykill	Yfir 70% rétt	Undir 70%	Samtals
Fjöldi	10	21	31
	32,26%	67,74%	100%




Of fáir nemendur í Akurskóla ná 70% viðmiðunum og er árangur ársins lakari en árangur síðasta árs.

5.9.2 Talnalykill í 3. bekk við Dalsbraut

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda ná yfir 70 rétt.

Talnalykill	Yfir 70% rétt	Undir 70%	Samtals
Fjöldi	12	11	23
	52,17%	47,83%	100%



Of fáir nemendur í Akurskóla við Dalsbraut ná 70% viðmiðunum og er árangur ársins lakari en árangur síðasta árs.


Kennsluráðgjafar frá FRÆ kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólastjórum á fundi og úrræði voru rædd. Niðurstöðurnar voru kynntar foreldrum á samtalsdegi í janúar.

Farið var yfir niðurstöður og í framhaldinu fengu nemendur kennslu og þjálfun í samlagningu og frádrætti. Getuskipt var að hluta í hringekju þannig að nemendur með mestu erfiðleikana fengu meiri aðstoð. Síðar á skólaárinu fengu nemendur kennslu í einföldustu margföldunartöflurnar, margföldun og deilingu.

5.9.3 Talnalykill í 6. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda ná yfir 70% rétt í talnalykli.

Talnalykill	Yfir 70% rétt	Undir 70%	Samtals
Fjöldi	22	30	52
	42%	58%	100%



Nemendur í Akurskóla eru nokkuð frá því að ná því að 70% nemenda ná 70% viðmiðunum og í ár telst árangur nemenda slakur.

Kennsluráðgjafar frá FRÆ kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólastjórum á fundi og úrræði voru rædd.

Farið var yfir niðurstöður og unnið út frá þeim þáttum sem komu illa út. Kennarar þjálfuðu sérstaklega það sem kom illa út m.a. margföldun með tveimur tölum, deilingu og tugabrot. Hver nemandi fékk þjálfun í því sem hann hafði ekki á valdi sínu. Að lokinni þjálfun var námsmat og þeir sem þurftu fengu frekari þjálfun.

5.10 Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Stjórnendur, athugasemdir frá foreldrum og starfsmönnum	Allir nemendur skólans í 2. – 10. bekk voru boðaðir saman á skólasetninguna kl. 9:00. Stjórnendur og starfsmenn vísuðu fjölskyldum í rými þar sem umsjónarkennarar tóku á móti hópnum. 1. bekkur kom svo kl. 10:00 þar sem þeir voru boðnir sérstaklega velkomnir og fengu rós. Skólasetning tókst almennt vel en bent var á að foreldrar sem eiga mörg börn í skólanum geta ekki fylgt öllum börnum eftir inn í stofur.
Ólympíuhlaup ÍSÍ	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Hlaupið gekk vel og var almenn ánægja með framkvæmd, bæði hjá nemendum og starfsfólki.
Upplestrarkeppnin hjá 7.bekk.	Stjórnendur	Keppnin gekk vel og var almenn ánægja með framkvæmd og ásýnd keppninnar. Dómarar skólaárið 2018-2019 voru Valgerður Björk Pálsdóttir formaður fræðsluráðs, Lára Guðmundsdóttir fyrrverandi skólastjóri og Magnea Ólafsdóttir íslenskukennari.
Jólahátíð	Allir starfsmenn skólans.	Nemendur mættu í rými til kennara sinna og komu inn íþróttasal í röðum. Fyrst horfðu nemendur á helgileik og eftir hann var dansatriði. Eftir dansinn var öllum stýrt í kringum tréð og dönsuðu við 4 lög. Gott væri að fá einhvern til að stýra röðunum í kringum jólatréð. Eftir dansinn fóru nemendur við Tjarnarbraut með kennurum sínum og héldu stofujól. Nemendur við Dalsbraut dönsuðu í kringum jólatréð á starfsstöðinni og héldu stofujólin sín þar áður en þeir komu niður á Tjarnarbraut þar sem helgileikurinn var sýndur.
Öskudagur	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Hátíðin var tvískipt. Yngri nemendur voru í íþróttahúsinu og með stöðvar en eldri, 6. - 10. bekkur fór í menntastríð. Gott að nota Excelskjalið við skipulagningu. Gæta þarf vel að stigagjöf. Hjá yngra stigi gekk allt vel. Nemendur voru inni í frímínútum. Skoða þarf betur tunnurnar Stuðningsfulltrúar fóru í kaffi kl.9.15-9.35 og kennarar kl. 9.40-10.00. Við Dalsbraut voru settar upp stöðvar. Þar hefði mátt bæta við einum starfsmanni. Í heildina gekk allt mjög vel og nemendur voru ánægðir.
Árshátíð skólans	Allir starfsmenn skólans.	Árshátíðin var fjórskipt og gekk mjög vel. Eldri nemendur að kvöldi og yngri daginn eftir. Kennarar, foreldrar og nemendur voru mjög sáttir. Árshátíð 1.-3.bekkar við Tjarnarbraut: Atriði hjá öllum. Kaffi á Menntavegi Árshátíð 1.-4.bekkar við Dalsbraut Atriði frá öllum árgöngum og kaffi á Dalsbraut. Árshátíð 4.-6. bekkjar: Atriði frá öllum og kaffi á Menntavegi. Árshátíðin hjá 7.-10.bekk Hátíðin gekk mjög vel. Auglýsa þarf árshátíðina með mánaðar fyrirvara þar sem það kemur skýrt fram hvernig fyrirkomulagið er. Senda boðskort með viku fyrirvara á árshátíð hjá 7.-10. bekk. Fá kynna á árshátíðina tveimur vikum fyrr. Ánægja með Atla skemmtanalöggu sem DJ á árshátíð 7.-10. bekkjar.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Þema í maí	Allir starfsmenn skólans.	Stigin unnu saman að þemanu „Undir beru lofti“, 1.-4.bekkur, 5.-7.bekkur og „Harry Potter“ þema hjá 8.-10.bekk. Þemað gekk nokkuð vel en það er ýmislegt sem þarf að laga. Flestir voru sammála um að hafa þemadaga í tvo daga. Passa þarf að hafa deildarstjóra til að halda utan um allt skipulag. Upplýsingaflæði þarf að vera betra til stuðningsfulltrúa. Skipulag þarf að vera vel aðgengilegt. Skipta þarf starfsfólki jafnt á öll stigin. Hafa þarf samræmi milli stiga hvenær skólalok þessa daga eru. Endurskoða ferðir með strætó þar sem fjöldinn er of mikill.
Vorhátíð	Allir starfsmenn skólans og viðburðateymi.	Keppni á milli bekkja á stöðvum. Hver bekkur átti sinn lit. Gekk hátíðin mjög vel. Endaði hún á sýningu frá BMX brós sem sló heldur betur í gegn. Áhugi er fyrir því að grilla pylsur í samstarfi við foreldrafélagið.
Skólaslit	Allir starfsmenn skólans.	Skólaslit voru í íþróttahúsinu fyrir 1.-9.bekk kl. 9.00. Skólaslit við Dalsbraut kl. 10.00. Allt gekk vel á báðum starfstöðum. Vorum með 2 stutt tónlistaratriði. Öllu stillt upp á fimmtudeginum í góðu samstarfi við starfsfólk íþróttahússins. Athöfnin í íþróttahúsinu er um 15 mínútur og síðan fór fólk í rými árganga þar sem hrósskjöl voru lesin upp.
Útskriftin hjá 10.bekk	Stjórnendur	Kl. 11.00 í íþróttahúsinu og kaffi í salnum. Gekk mjög vel og var einstaklega hátíðlegt. Kaffihlaðborðið var glæsilegt en það þarf að hafa fleiri brauðrétti næst.
Brúum bilið	Stjórnendur og aðrir sem koma að verkefninu	Brúum bilið gekk vel. Allir sem koma að 1.bekk taka þátt í að skipuleggja og sjá um skólaheimsóknir leikskólabarna, sérstaklega þegar þau koma í hringekjur. Betra að hafa sem minnst í maí þar sem það er mikið að gera hjá báðum skólastigum
Samtalsdagur í september	Kennarar	Halda samtalsdegi óbreyttum þar sem nemendur setja sér námsmarkmið.
Samtalsdagur í janúar	Kennarar	Halda honum óbreyttum þar sem farið er yfir lesferil og nemendur geta sett sér frekari námsmarkmið.
Samtalsdagur í maí	Kennarar	Farið yfir námsárangur, námsmarkmið og portfoliomöppur. Góður dagur til að loka námsárinu.
Lestrar-sprettur í október	Kennarar	Gekk vel. Spurning um að hafa þema. Gæta þarf að skráningar séu í lagi og átakinu þarf að ljúka með uppskeruhátíð.
Dagur íslenskrar tungu	Kennarar	Núverandi fyrirkomulag bæði gott og skemmtilegt. Ábending um að auka áherslu á ljóð og ljóðagerð. Einnig gæti verið gaman að bjóða foreldrum að koma.
Þorraþema	Kennarar í 1. bekk	Þorraþemað gekk nokkuð vel en kennurum fannst skipulagið ekki nógu gott. Skoða það betur næst.
Lestrar-sprettur í febrúar	Kennarar	Þarf að muna að kynna vel í janúar. Féll niður á unglingsstigi vegna manneklu. Átakið gekk vel við Dalsbraut.

6 MAT Á UMBÓTAÞÁTTUM

Starfsmenn skólans hafa jafnt og þétt unnið eftir umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið. Þrír þættir voru settir fram sem huga ætti sérstaklega að. Þessir þrír þættir voru eftirfarandi; námsárangur nemenda, innleiðing aga/uppeldisstefnu og skipulag, verkferlar og gæði frístundaskólans. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum þætti fyrir sig en sumir tengjast þáttum sem áður hefur verið fjallað um s.s. niðurstöðum samræmdra prófa, skólapúlsinum og niðurstöðum skimana.

6.1 Námsárangur

Í þessum þætti sáum við ákveðnar vísbendingar í rétta átt. Árangur í 7. bekk á samræmdum prófum er vel viðunandi og fleiri nemendur eru að ná A, B+ og B í 9. bekk á samræmdum prófum.

Niðurstöður skimana eru þó ekki nægilega góðar og þarf að skoða það sérstaklega.

6.2 Innleiðing aga/uppeldisstefnu - Uppbyggingastefnan

Haldið var áfram að vinna að innleiðingu uppeldisstefnunnar, Uppbyggingastefnunnar. Leiðtogar úr hópi starfsmanna voru með innlegg á starfsmannafundum og héldu fundi með starfsfólki þar sem gerður var starfsmannasáttmáli og þarfagreining. Kennarar gerðu sáttmála með sínum nemendum.

Haldið verður áfram með innleiðingu næsta skólaár.

6.3 Frístundarskólinn, verkferlar og skipulag

Starf frístundaskólans var endurskipulagt með nýjum yfirmanni. Allir þeir þættir sem settir voru fram í umbótaáætlun komu til framkvæmda og jókst ánægja nemenda og foreldra með frístundaskólann. Á næsta skólaári verður hugað að framtíðarhúsnæði skólans.

7 LOKAORÐ

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Allir starfsmenn skólans koma að vinnu við matið á fundum dreift yfir allt skólaárið og á vordögum.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mat á þeim og viðmiðum þar sem það á við.

Vinna við matið á að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Á grundvelli þessarar skýrslu verður gerð umbótaáætlun haustið 2019 í samstarfi við alla hagsmunaaðila, starfsmenn skólans, foreldra og nemendur.